

BRÁÐGERIR NEMENDUR

Málefni bráðgerra nemenda í grunnskólum og ábyrgð
grunnskóla/sveitarfélaga í að þjónusta þá.



Vinnustofa í Sjálandsskóla 28. nóvember 2014.

BRÁÐGERIR NEMENDUR Í SKÓLASTARFI?

HINS ALMENNA, OPINBERA GRUNNSKÓLA



Nemendur með sérþarfir, allt að 20-25% nemenda í grunnskólum fá sér þjónustu

Þurfa bráðgerir nemendur að fá sér þjónustu, og þá hve mikla?

VINNUSTOFA TIL STEFNUMÓTUNAR

- Vinnustofa til að ræða sjónarmið um framkvæmd skólastarfs til styðja við stefnumótun sveitarfélaga innan SSH er snýr að málefnum „bráðgerra nemenda“.
- Fulltrúar hagsmunaaðila í grunnskólastarfi kynni sjónarmið sín.
- Spurningarnar þrjár til umræðu í hópum:
 1. Hverjir eru bráðgerir nemendur og hvaða þarfir hafa þeir?
 2. Hvað þarf að gera til að mæta þörfum bráðgerra nemenda í skólastarfinu varðandi nám og vellíðan og hverjir hafa það verkefni?
 3. Hverjar eru skyldur og ábyrgð sveitarfélaganna gagnvart þessum nemendum?

SKIPULAG

- kl. 14:15 Setning
- kl. 14:25 Inngangskynning
- kl. 14:40 Hópumræða (þrjár spurningar; ein aðalspurning á hóp og tvær auka, skiptst á með aðalspurningu)
 - 6-8 á borði ræða saman spurningarnar, fulltrúar allra hópa
 - hópstjóri í hverjum hópi þegar fenginn.
 - hver hópur vinnur á plakat megináherslur sínar.
 - Plaköt hengd upp í lok hópavinnu.

kaffi meðan á hópavinnu stendur, stýrt á hverju borði

- kl. 15:30 Þátttakendur gefa tillögum stig (3x1 stig á mann).
- Kl. 15:55 Samantekt.
- Kl. 16:00 Vinnustofuslit.

SPURNING 1:

- **Hverjir eru bráðgerir nemendur og hvaða þarfir hafa þeir?**
 - Hvernig eru „bráðgerir nemendur“ hluti af „skóla án aðgreiningar“, þ.e. eigi rétt á að fá „nám við hæfi“?
 - Er rétt að skilgreina þennan hóp nemenda sérstaklega og hvað fæst þá með því, þ.e. hefur hann sér réttindi í því að fá þjónustu?
 - Hvaða viðmið eigum við að hafa til að nemendur fái skilgreiningu sem „bráðgerir nemendur“ og stýra þannig stærð hópsins, s.s. greindarpróf, prófaárangur, sérhæfð mælitæki (sem getur leitt til að það séu 2, 5, 10 eða 15% árgangs, jafn á kyn)? Víð eða þröng viðmið?
 - Eiga þeir að fá sérstaka flokkun og þá hverja? („bráðgerir“, „bráðgerir og hæfileikaríkir“, engin flokkun en mætt þörfum eða sleppt er að fást við þennan nemendahóp sem sérstakan hóp.)
 - Eiga þeir sjálfir að fá að móta viðbrögð við þörfum sínum, þ.e. að hafa val um hvort/hvaða þjónustu þeir fá sérstaklega af skóla?
 - Hver(t) væri/u markmið þjónustu við „bráðgera“ nemendur?

SPURNING 2:

- **Hvað þarf að gera til að mæta þörfum bráðgerra nemenda í skólastarfinu varðandi nám og vellíðan og hverjir hafa það verkefni?**
 - Hvaða faghópar hafa hér verkefni? (Kennarar, sálfræðingar, náms- og starfsráðgjafar...)
 - Hvers konar kennsluaðstæður skulu þeir fá (sömu og aðrir, „sér kennslu“, sérverkefni (meira, ítarlegri/dýpri eða annað), í eða utan skóla, heima og/eða tómstundir)?
 - Hvaða sérþarfir þarf að huga að (tilfinningavandi, þroskavandi, samskiptavandi, námsvandi)?
 - Hvað skal vera í boði (sér kennsla, aðstaða, ráðgjöf, einstaklingsnámskrá) ef eitthvað á að vera yfirleitt í boði?

SPURNING 3:

- **Hverjar eru skyldur og ábyrgð sveitarfélaganna gagnvart þessum nemendum?**
 - Hafa sveitarfélög ákveðnar skyldur gagnvart þessum nemendum og þá hverjar?
 - Á sérstakt fjármagn að vera veitt til að styðja við „bráðgera“ nemendur, s.s. í greiningar, ráðgjöf, kennslu?
 - Eiga sveitarfélög að vera með sérstakar bjargir um „bráðgera“ fyrir starfsfólk skóla/foreldra og þá hverjar?
 - Á hluti ábyrgðar á „bráðgerum“ nemendum að vera utan skóla, þ.e. hjá foreldrum og frjálsum félagasamtökum (íþróttir, félagsstarf, tónlist o.þ.h.)

NIÐURSTÖÐURNAR NÝTTAR

- Samantekt úr hópastarfi unnin og dreift til skólanefnda innan SSH sem fara með málefni grunnskóla til kynningar.
- Leitast við að draga meginlínur úr umræðunni í dag sem grunn að stefnumótun fyrir sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins.
- Unnin frekari (grunn)stefna fyrir sveitarfélögin fyrir kennslu „bráðgerra“ og fræðslu á þessu sviði (verði niðurstöður í þá átt).
- Undirbúin frekari fræðsla fyrir kennara og leitað leiða til að koma stuðningi inn í skóla og sveitarfélög með viðeigandi fjármagni og björgum – út frá sjónarmiðum sem hér koma fram og möguleikar eru að koma þeim áfram.

SJÓNARMÍÐ Í UMRÆÐUNNI Í DAG

- Leitið að almennum sjónarmiðum frekar en að segja sögur af einstaklingum (sjálfum sér eða öðrum) í hópvinnunni.
- Lýsið hugmyndum á knappan hátt, þ.e. forðist langar kynningar á sama viðfangsefni umfram það sem nauðsynlegt er.
- Látið sem flest sjónarmið koma fram í umræðunni frekar en að einskorða umræðuna við eitt/fá sjónarmið (sem verði ofan á í umræðunni).
- Leitið lausna og kynnið nýjar hugmyndir því allar hugmyndir eru góðar á þessu stigi.
- Verið opin fyrir hugmyndum annarra og nýtið þær til að þróa nýjar hugmyndir sjálf.
- Setjið meginhugmyndir sem koma fram á plakat.

SPURNINGARNAR ÞRJÁR

■ til umræðu í hópum:

1. Hverjir eru bráðgerir nemendur og hvaða þarfir hafa þeir?
2. Hvað þarf að gera til að mæta þörfum bráðgerra nemenda í skólastarfinu varðandi nám og vellíðan og hverjir hafa það verkefni?
3. Hverjar eru skyldur og ábyrgð sveitarfélaganna gagnvart þessum nemendum?